

## Ratleikur um útilistaverk í Hellisgerði og Víðistaðatúni.



Heimsækið sjö útilistaverk í Hellisgerði og á Víðistaðatúni. Staldrið við hvert og eitt og finnið út lausnarorðið með því að raða bókstöfum í rétta reiti.

### Ratleikurinn hefst í Hellisgerði. Þar skaltu finna stytta af karli og aðra af dreng.

1. Bjarni Sívertsen, riddari er karlinn. Þú finnur hann á háum stalli.  
- *Bjarni var ekki raunverulegur riddari heldur var hann kallaður þetta því hann var sæmdur Riddarakrossi Dannebrog-orðunnar 11. Apríl 1812 af danska kónginum.*  
**Þriðji stafurinn í nafni listamannsins sem gerði þessa stytta er fimmti stafur lausnarorðsins.**
2. Styttan af drengnum er að finna við torg í hjarta garðsins og það er vatn allt í kringum hann.  
Á hverju situr hann?  
**Síðasti stafurinn í föðurnafni listamannsins er stafur númer tvö í lausnarorðinu.**

### Haltu nú áfram eftir Hellisgötu í áttina að Víðistaðatúni. Á túninu er að finna mörg útilistaverk af ýmsu tagi. Hvað getur þú talið mörg?

3. Sérðu nokkuð listaverk með röndótta fætur? Hvað minnir þetta listaverk þig á? Líttu í gegnum verkið og sjáðu hvernig það rammur inn umhverfið.  
**Fyrsti bókstafurinn í nafni listamannsins er sá sjötti í lausnarorðinu og fyrsti stafurinn í titli listaverksins er síðasti stafurinn í lausnarorðinu.**
4. Þú ert kannski með síma í vasanum – en sérðu gamaldags síma einhversstaðar á túninu?  
Hvernig myndi verkið líta út ef það væri gert í dag?  
**Fyrsti stafurinn í eftirnafni listakonunnar er næst síðasti stafur lausnarorðsins.**
5. Næst skaltu reyna að koma auga á eins konar regnboga úr stáli. Hvernig er hann á litinn?  
**Þriðji stafurinn í titli listaverksins er einnig þriðji stafur lausnarorðsins.**

6. Í nágrenni við Skátana má sjá karl sem horfir yfir túnið. Listaverkið heitir *Vaktin*.  
**Fyrsti stafurinn í eftirnafni listamannsins er fyrsti stafur lausnarorðsins.**
  
7. Eitt listaverkið á túninu er gult og það væri kannski gaman að setjast upp á ef það væri hægt, þó ekki fyrir lofthrædda. Verkið heitir *Hundrað ára einsemd*.  
**Fyrsti stafurinn í eftirnafni listamannsins er fjórði stafurinn í lausnarorðinu.**

Hér fyrir neðan skaltu skrifa lausnarorðið:

\_\_\_\_\_

1      2      3      4      5      6      7      8